

Fimmtudaginn 5. júní 1975.

Nr. 56/1974. **Dagmar Árnadóttir**
Karen Árnadóttir og
Guðný Árnadóttir
 (Hörður Einarsson hrl.)
 gegn
Ríkisútvarpinu og
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
Sverri Kristjánssyni og gagnsök
 (Sigurður Baldursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
 varr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og prófessor
 Gaukur Jörundsson.

Flutningur sjónvarpsefnis. Lögbannsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 14. mars 1974. Dómkröfur aðaláfrýjenda eru þessar:

I. Aðallega, að dæmt verði óheimilt að sýna í sjónvarpi þann hluta viðtalsþáttar Péturs Péturssonar við gagnáfrýjanda Sverri Kristjánsson, er sýna átti 2. nóvember 1973, þar sem fjallað er um föður þeirra, Árna Pálsson prófessor.

Til vara, að dæmt verði óheimilt að sýna í sjónvarpi þann hluta nefnds viðtals, sem hefst á orðunum „Jú, hann kom sumarið eða vorið 1937 ...“ og lýkur með orðunum „... þegar við förum að keppa um prófessoratið eftir Árna Pálsson“.

Til þrautavara, að dæmt verði óheimilt að sýna í sjónvarpi þann hluta nefnds viðtals, sem hefst á orðunum: „Og þeir höfðu vist vandrað ...“ og lýkur með orðunum „... þegar við förum að keppa um prófessoratið eftir Árna Pálsson“.

Enn til vara, að dæmt verði óheimilt að sýna í þættinum mynd af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara.

II. Aðallega, að staðfest verði lögbann það, sem lagt var

við því 2. nóvember 1973, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld“.

Til vara, að lögbann þetta verði staðfest, að því er varðar þá hluta framangreinds viðtals, sem dæmt verði óheimilt að sýna.

III. Í öllum tilvikum krefjast aðaláfrýjendur þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 28. mars 1974. Krefjast þeir sýknu af kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar óskipt úr þeirra hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómendur Hæstaréttar hafa horft á sjónvarpsþátt þann, sem um er fjallað í málinu.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf 16. maí 1975 frá Ríkisútvarpinu — Sjónvarpi — varðandi vinnubrögð við gerð sjónvarpsþáttar slíks sem í málinu greinir.

Árni Pálsson prófessor andaðist 7. nóvember 1952. Aðild aðaláfrýjenda að máli þessu er eigi vefengd, sbr. 25. gr. laga nr. 19/1940.

Málssókn þessi beinist að því, að gagnáfrýjanda Ríkisútvarpinu verði dæmt óheimilt að sýna í sjónvarpi viðtalsþátt Péturs Péturssonar við gagnáfrýjandann Sverri, þar sem nokkuð er rætt um Árna Pálsson. Aðiljar eru sammála um, að þau ummæli, sem lúta að Árna Pálssyni séu tæmandi greind í hinum áfrýjaða dómi.

Af þeim ástæðum, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, er ósannað, að fyrirsvarsmenn Ríkisútvarpsins, sem til þess voru bærir, hafi skuldbundið stofnunina um það, að gagnáfrýjandinn Sverrir yrði ekki látinn fjalla um Árna Pálsson í hljóðvarpi eða sjónvarpi.

Þeir hlutar sjónvarpsþáttar þess, sem um er deilt í málinu, þykja hvorki að efni, orðfæri, tjáningarformi, myndrænni gerð né ytra búningi að öðru leyti vera með þeim hætti, að fullnægjandi rök séu til að telja þá brjóta í bága við laga-reglur um æruvernd og friðhelgi einkalífs eða grundvallar-

reglur um persónuvernd, þannig að birting verði dæmd óheimil. Þá verður eigi talið, að rök liggi til þess að banna sýningu á mynd þeirri, sem kröfur í málinu lúta að.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Lögbann það, sem á var lagt 2. nóvember 1973, var viðtækara en lög leyfa. Fógeti gætti eigi ákvæða 27. gr., sbr. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 18/1949. Þá kvaddi hann gerðarþola ekki til samkvæmt 2. mgr. 28. gr. sömu laga, er lögbannið var á lagt, en engin rök hafa verið að því leidd, að þess hafi eigi verið kostur.

Í málinu hafa nokkrar dómskýrslur verið teknar á segulbönd, en eigi skráðar í þingbók. Málflytjendur aðilja í héraði samþykktu, að þessi háttur yrði á hafður, og efni skýrslanna er eigi vefengt. Eru þær því lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttar 8. nóvember 1974 um þetta efni.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. þ. m., hafa þær systurnar Dagmar og Karen Árnadætur, Vesturgötu 50 A, og Guðný Árnadóttir, Faxaskjóli 16, allar í Reykjavík, höfðað á hendur Ríkisútvarpinu, Skúlagötu 4, og Sverri Kristjánssyni, Seljavegi 11, báðum í Reykjavík, með réttarstefnu, útgefinni 8. nóvember 1973 og birtri fyrir stefndu 9. s. m.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

1) Dæmt verði óheimilt að sýna í sjónvarpi þann hluta viðtalsþáttar Péturs Péturssonar við stefnda Sverri Kristjánsson, er sýna átti 2. nóvember 1973, þar sem fjallað er um föður stefnenda, Árna heitinn Pálsson prófessor.

2) Staðfest verði lögbann, sem hinn 2. nóvember 1973 var lagt

við því, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í Sjónvarpinu í kvöld“.

3) Stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað eftir mati dómsins, þar á meðal lögbannskostnað.

Stefndu gera þær dómkröfur, að framangreint lögbann verði fellt niður og þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda í máli þessu og stefnendur verði dæmdir til þess að greiða stefndu málskostnað að mati dómsins.

Báðir hinna stefndu hafa uppi áskilnað um að koma síðar að fóbótakröfum á hendur stefnendum vegna lögbannsins.

Við munnlegan flutning málsins setti lögmaður stefnenda fram varakröfu um það, að dæmt yrði óheimilt að sýna í sjónvarpi að minnsta kosti þann hluta viðtalsins, sem kemur fram á 2. síðu á dskj. nr. 6 og hefst á orðunum: „Jú, hann kom sumarið eða vorið 1937 ...“ og aftur að neðstu greinarskilunum á síðunni. Enn fremur krafðist lögmaður stefnenda þá til vara, að fellt yrði niður á sömu síðu dskj. nr. 6 frá orðunum: „Og þeir höfðu víst vandrað ...“ og niður að neðstu greinaskilunum á síðunni.

Þá setti lögmaður stefnenda fram þá varakröfu, að því er staðfestingu lögbannsins snertir, að ef það yrði ekki staðfest í heild, þá yrði það að minnsta kosti staðfest, að því er ofangreinda kafla varðar.

Að endingu krafðist lögmaður stefnenda þess við munnlegan flutning, að bannað yrði að sýna í sjónvarpsþættinum skopmynd af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara.

Lögmenn stefndu samþykktu, að varakröfur stefnenda kæmust að í málinu, en kröfðust þó sýknu af þeim.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavexti kveða stefnendur þá, sem hér greinir:

Hinn 22. júlí 1973 var útvarpað í hljóðvarpi viðtali, sem Vilmundur Gylfason átti við stefnda Sverri. Í útvarpsþætti þessum var rætt um föður stefnenda, Árna heitinn Pálsson prófessor. Telja stefnendur ýmis ummæli stefnda Sverris í umrætt sinn hafa verið mjög meiðandi fyrir minningu föður þeirra. Hinn 6. desember 1973 þingfestu stefnendur sérstakt mál á hendur stefnda Sverri til þess að fá hin meiðandi ummæli dæmd dauð og ómerk.

Stuttu eftir framangreindan útvarpsþátt fóru stefnendur á

fund Hjartar Pálssonar, dagskrárstjóra Ríkisútvarpsins (hljóðvarps), og kvörtuðu undan þættinum. Halda stefnendur því fram í stefnu, að dagskrárstjórinn hafi þá gefið þeim loforð um það, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn fjalla aftur um föður þeirra á vegum Ríkisútvarpsins, hvorki í hljóðvarpi né sjónvarpi. Vitni að þessu loforði segja stefnendur, að hafi verið Torfi Hjartarson, fyrrverandi tollstjóri, frú Anna Jónsdóttir, eiginkona hans, svo og Kristján Albertsson rithöfundur.

Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi setið téðan fund með stefnendum og fleira fólki, þar sem útvarpsstjóri hafi eigi getað komið því við að mæta á fundi þessum. Kvaðst Hjörtur hafa orðið þess áskynja, að stefnendum hafi mislíkað framangreint viðtal Vilmundar Gylfasonar við stefnda Sverri hinn 22. júlí 1973, og þar sem honum hafi verið orðið það ljóst, hversu mikið tilfinningamál þetta væri afkomendum og venslamönnum Árna heitins Pálssonar prófessors, hafi hann talið, að það væri best í ljósi þessarar reynslu að reyna að forðast, að slík óánægja kæmi upp aftur, eftir því sem föng væru á. Af þessum ástæðum kvaðst Hjörtur hafa heitið því, að meðan hann starfaði við Ríkisútvarpið, skyldi hann ekki kveðja Sverri Kristjánsson til þess að fyrra bragði að tala sérstaklega um Árna heitinn Pálsson prófessor, en með því kvaðst hann hafa átt við það, að hann mundi ekki, ef svo skipaðist, að ástæða væri talin til þess að láta flytja erindi um Árna Pálsson eða setja saman dagskrárþátt, sem sérstaklega fjallaði um hann, þá mundi hann ekki biðja Sverri Kristjánsson þess að sjá um þann þátt eða flytja það erindi eða hafa neitt frumkvæði um það. Þetta loforð kveðst Hjörtur Pálsson ekki á nokkurn hátt hafa gefið fyrir hönd sjónvarpsins, því að til þess hafi hann enga heimild. Ekki mundi Hjörtur, hvort hann hefði notað orðið hljóðvarp í umrætt sinn, en hann gat þess, að sér væri það orð ekki tamt að jafnaði og kunni hann að hafa sagt útvarp, en þá gildi það eingöngu fyrir hljóðvarpið, enda sé réttarstöðu hans sem starfsmanns Ríkisútvarpsins þannig farið, að hann hafi ekkert um efni sjónvarpsins að segja og hefði aldrei látið sér detta í hug að fara að skipta sér af dagskrá þess á nokkurn hátt og ekki getað gefið nein bindandi loforð fyrir þess hönd.

Stefnandinn Karen Árnadóttir hefur borið, að eftir framangreindan útvarpsþátt hafi hún átt símtal við Andrés Björnsson útvarpsstjóra og farið fram á það við hann, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn tala oftari um Árna Pálsson í útvarpið og hafi

útvarpsstjóri lofað því, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn fjalla aftur um föður þeirra stefnendanna.

Hinn 16. október 1973 segir Karen Árnadóttir, að Pétur Pétursson þulur hafi átt símtal við sig og tjáð sér, að hann væri að vinna að viðtalsþætti við Sverri Kristjánsson fyrir sjónvarpið og óskaði eftir samvinnu við hana, þar sem rætt yrði m. a. um föður hennar, Árna heitinn Pálsson. Þessari beiðni Péturs kveðst Karen hafa hafnað vegna loforðs framangreindra fyrirvarsmanna Ríkisútvarpsis frá sumrinu áður þess efnis, að stefndi Sverrir yrði ekki framar látinn fjalla um föður þeirra stefnenda í Ríkisútvarpinu. Sneru stefnendur sér til útvarpsstjóra með ósk um, að ekki yrði rætt við stefnda Sverri um föður þeirra. Segja stefnendur, að útvarpsstjóri hafi reynt að fá þessu til leiðar komið, en án árangurs.

Framangreindur viðtalsþáttur Péturs Péturssonar þuls við Sverri Kristjánsson var auglýstur á dagskrá sjónvarpsins að kvöldi föstudagsins 2. nóvember 1973. Stefnendur kveða sér hafa verið kunnugt um það, að stefndi Sverrir mundi ræða um föður þeirra, Árna heitinn Pálsson, í sjónvarpsþættinum.

Hinn 2. nóvember 1973 mættu stefnendur fyrir Jóni P. Emils, fulltrúa yfirborgarfégeta í Reykjavík, í fégetarétti Reykjavíkur að Skólavörðustíg 11 og skýrðu fulltrúanum frá því, að þá um kvöldið væri fyrirhugað að sýna framangreindan þátt í sjónvarpinu. Kváðust þær systurnar hafa rökstuddan grun um, að í þessum þætti mundi stefndi Sverrir ræða um föður þeirra, Árna heitinn Pálsson prófessor, ef að líkum léti miðað við útvarps-erindi sama fyrirlesara hinn 22. júlí 1973. Þær systur vildu fá lagt lögbann við því, að í þessum þætti yrði minnst á Árna Pálsson prófessor. Gat fégetinn þess, að hann sæi „ekkert til fyrirstöðu, að lögbann það, sem hér um ræðir, nái fram að ganga gegn tryggingu“. Fégeti lagði nú lögbann við því, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld“.

Ákvað fégeti, að gerðarbeiðendur settu tryggingu að fjárhæð kr. 30.000, sem gerðarbeiðandinn Dagmar Árnadóttir greiddi.

Eftir þetta var fégetarétturinn fluttur að Laugavegi 176 í húsa-kynni sjónvarpsins, og var þar mættur framkvæmdastjóri þess, Pétur Guðfinnsson, og með honum lögfræðingur Ríkisútvarpsins, Þór Vilhjálmsson prófessor. Lögfræðingurinn óskaði bókað, að hann mótmælti því, að gerð þessi færi fram. Í fyrsta lagi vegna þess, að hann teldi, að Ríkisútvarpið þyrfti ekki almennt at sæta

slíku lögbanni. Í öðru lagi sagði lögfræðingurinn, að Pétur Pétursson teldi, að engin ólögmæt ummæli væru í þættinum um Árna heitinn Pálsson. Enn fremur tók lögfræðingurinn það fram, að bæði í gær og í dag hefði gerðarbeiðendum staðið til boða að hlýða á umræddan þátt. Tók þá fógetinn fram, „að umrætt lög-bann væri þegar á lagt“.

Er mál þetta höfðað m. a. til staðfestingar á lögbannsgerð þessari, svo sem rakið er í upphafi dómsins.

Hinn 14. janúar 1974 fóru fram yfirheyrslur í máli þessu fyrir bæjarþinginu. Komu þá stefnendur málsins fyrir rétt svo og Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri og gáfu skýrslu. Síðan var málinu frestað til 4. febrúar 1974, og hugðist lögmaður stefnenda þá leiða fyrir rétt til vitnisburðar þau hjónin Torfa Hjartarson, fyrrverandi tollstjóra, og Önnu Jónsdóttur, frú hans.

Þegar málið var tekið fyrir framangreindan dag, lýsti lögmaður stefnenda því yfir, að Torfi Hjartarson hefði ekki getað mætt til vitnisburðar sakir starfa sinna sem ríkissáttasemjari þennan dag. Óskaði lögmaðurinn eftir fresti til þess að kveðja þau hjónin fyrir rétt til vitnisburðar um það loforð, sem stefnendur halda fram, að Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri hafi gefið þeim á framangreindum fundi. Lögmaður stefnenda krafðist þess, að málinu yrði frestað um óákveðinn tíma í framangreindu skyni, þó ekki lengur en til ákveðins dags, er dómarrinn tiltæki.

Af hálfu stefndu var frekari fresti í málinu synjað. Fór málið því í úrskurð um hinn umbeðna frest í þinghaldi 4. febrúar 1974.

Hinn 7. febrúar 1974 var kveðinn upp úrskurður í málinu, þar sem synjað var frestsins. Ákvað dómarrinn síðan, að munnlegur málflutningur skyldi fram fara hinn 14. febrúar 1974, og fór málflutningur fram samkvæmt þeirri ákvörðun.

Hinn umdeildi sjónvarpsþáttur, er flytja átti 2. nóvember 1973, kallast „Maður er nefndur — Sverrir Kristjánsson“. Í málinu hefur verið lagður fram vélritaður úrdráttur úr þættinum af þeim stöðum, þar sem stefndi Sverrir Kristjánsson ræðir um Árna heitinn Pálsson prófessor. Eru ummælin svohljóðandi:

„— Ég fór að stúdera Brandes og verk hans í fjórða bekk, og fór jafnan á Landsbókasafnið til þess að lána rit hans. Og þar afgreiddi mig Árni Pálsson, síðar prófessor. Þá var hann landsbókavörður. Og kynni okkar hófust eiginlega via Brandes. Árni undraðist það, að stráklingur í skóla skyldi alltaf vera að panta verk Brandesar. Þau virðast hafa legið óhreyfð þarna um áratugi, held ég. Og þá komst ég að því, að Árni hafði sjálfur verið

Brandesianer, eða Brandesarsinni á sínum Hafnarárum. Hann sagði einu sinni við mig: „Ég elti Brandes á götu“. Og hann var nú af þeirri kynslóð, sem var undir ríkum áhrifum Brandesar, en þegar ég var að vaxa þarna úr grasi, þá voru áhrif hans orðin lítil, enda taldi hann sig vera mest einmana mann í öllu Danmerkurriki, eins og haft er eftir honum á banastundinni.

— Voru það ekki helst íslenskir stúdentar, sem voru vinir hans og aðdáendur?

— Það voru helst íslenskir stúdentar o. s. frv. . . .

— Ég var um þetta leyti orðinn ákaflega heitur í andanum, að því er kommúnismaður varðaði, en ég held sem sagt kyrru fyrir næsta vetur og var við Háskólann hér og tók próf í filunni — heimspekinni. Nú, rétt eftir að ég var orðinn stúdent, þá kom Árni Pálsson að máli við mig og eggjaði mig mikið á að fara til Kaupmannahafnar og lesa sögu, og hafði þau orð um, að það væri kannski hægt at útvega mér einhvern styrk. En ég var svo heitur, að ég svaraði nokkuð hvatskeytilega, að ég ætlaði mér nú ekki að vera að sækja um neina borgaralega styrki. Ég heyrði það síðar, að Árni varð dálítið sár yfir þessu. Einn bekkjarbræðra minna sagði frá því, að Árni hefði komið að máli við mig og ég hefði tekið svona heldur þunglega undir þetta — ja, svo þunglega, að í raun og veru jaðraði við ókurteisi við þennan ágæta mann. Nú, en sumarið '29 þá er ég ráðinn í því að fara til Kaupmannahafnar, og kom þá að máli við Árna Pálsson um þetta. Og hann tók vel í að reyna að hjálpa mér um styrk síðar — hann gat það náttúrliga ekki alveg strax. Og svo hafði ég unnið á Sámssstöðum um sumarið og er kominn seint í ágúst til Reykjavíkur og er að ganga eftir Laufásveginum. Og þá mæti ég Árna Pálssyni og ég segi honum, að ég sé að fara til Kaupmannahafnar með Gullfossi daginn eftir. Og Árni segir: „Mikið lifandis ósköp öfunda ég yður af þessu. — Í Kaupmannahöfn lifði ég mín fegurstu og bestu ár“. Svo tekur hann í höndina á mér og segir: „Jæja, Sverrir, ekki veit ég hvort þér verðið nokkurn tíma að manni, en ég veit að þér eruð manneskja. Og verið þér nú sælir“. . . .

— Svo kemur gamall lærifaðir þinn, prófessor Árni Pálsson, til Kaupmannahafnar á námsárum þínum þarna við Háskólann, er það ekki?

— Jú, hann kom sumarið eða vorið 1937, og þar varð mikill fagnaðarfundur með okkur stúdentum og Árna Pálssyni. Og það er skotið á stúdentafundi, og Árni Pálsson var beðinn um að

flytja eitthvert erindi eða ræðu. Svo er fundurinn settur, og Árni kemur ekki, og við bíðum og drekkum úr bjórkollunum okkar. Og ég man vel eftir þessum fundi. En aftur á móti man ég ekki þá sögu sem þarna gerðist, og það var — svo ég noti Jón Helgason prófessor sem heimild mína, — að hann minnti mig á þennan fund, þegar ég hitti hann núna í septembermánuði þegar ég brá mér út til Hafnar. Og sagan var þannig, að þegar við höfðum beðið um stund, þá birtist Árni Pálsson og kollega, Skúli Þórðar. Og þeir höfðu víst vandrað um daginn um nokkrar knæpur, því að þú, kollega minn (Sverrir snýr sér að viðstöddum Skúla Þórðar), varst svona dálítið reikull í spori, sýndist mér. En það bar ekkert á Árna, hann var þarna eins og foldgnátt fjall. Svo setjumst við við borðið, og Árni Pálsson er í miðju, kollega er honum til hægri handar og ég til vinstri. Og þegar líður svona á kvöldið og drykkjuna, þá hafði Árni lokið stuttri ræðu, hreinni perlu. Þá segir Jón Helgason, prófessor, mér, að Skúli hafi lagt svona handlegginn yfir herðarnar á Árna, og náð í öxlina á mér, og segir við mig: „Jæja, Sverrir, hvernig heldurðu að fari nú með vináttu okkar þegar við förum að keppa um prófessoratið eftir Árna Pálsson?“

— Hvar bjóstu á Hafnarárum þínum o. s. frv.“

Stefnendur rökstyðja dómkröfur sínar með því, að af hálfu Ríkisútvarpsins hafi því verið lofað eftir útvarpsþáttinn hinn 22. júlí 1973, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn fjalla aftur um Árna heitinn Pálsson prófessor á vegum Ríkisútvarpsins. Þetta loforð hafi verið gefið af Hirti Pálssyni dagskrárstjóra fyrir hönd útvarpsstjóra. Á þeim fundi, sem nefnt loforð var gefið, hafi dagskrárstjórinn komið fram sem staðgengill útvarpsstjóra, þar sem hann hafi ekki getað komið því við sjálfur að sitja fundinn og því sent dagskrárstjóranum í sinn stað. Enn fremur er því haldið fram af stefnandanum Karen Árnadóttur, að útvarpsstjórinn hafi gefið henni loforð í síma um það, að stefndi Sverrir yrði ekki látinn fjalla um Árna heitinn Pálsson í útvarpinu. Útvarpsstjóri hafi ekki komið fyrir rétt til skýrslugjafar þrátt fyrir áskorun þar um af hálfu stefnenda og verði því að leggja frásögn stefnandans Karenar í þessu efni til grundvallar dómi í máli þessu, sbr. 116. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði, svo sem áskilið hafi verið, þegar áskorun var beint til útvarpsstjóra um að mæta fyrir rétti til skýrslugjafar. Við munnlegan flutning málsins gekk lögmaður stefnenda enn lengra og krafðist þess, að til grundvallar dómi í máli þessu yrði enn fremur byggt

á því, að útvarpsstjóri hefði haft samþykki útvarpsráðs til að gefa það loforð, er stefnandinn Karen Árnadóttir heldur fram.

Stefnendur halda því fram, að útvarpsviðtalið frá 22. júlí 1973 hafi verið mjög meiðandi fyrir minningu Árna heitins Pálssonar. Það hafi verið morandi af missögnum og þar fyrir utan nánast ekkert verið annað heldur en samsafn af ómerkilegum kjaftasögum um drykkjuskap og fyllerí. Þess vegna hafi verið fyllsta ástæða til að vænta þess, að orðræður stefnda Sverris Kristjánssonar og Péturs Péturssonar yrðu í sama dúr og í greindu útvarpsviðtali. Í framhaldi af útvarpsviðtalinu geti frásagnir stefnda Sverris af föður stefnenda ekki orðið til annars en að varpa skugga á minningu hans og raska friði um einkamálefni hans. Að minnsta kosti eitt atriði í frásögn stefnda Sverris í hinum óbirta sjónvarpsþætti, er varðar Árna heitinn Pálsson, sé brot in concreto gegn 229. gr. almennra hegningarlaga, ef birt yrði, það sé frásögn af knæpurandi Árna heitins og Skúla Þórðarsonar og afleiðingum þess. Með lögbanninu hafi verið komið í veg fyrir þetta lögbrot, svo sem sjálfsagt hafi verið, og beri því að staðfesta það, svo sem krafist sé. Auk þess feli nefnd frásögn í sér brot gegn 234. gr. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Varðandi þá kröfu stefnenda, að bannað verði að birta í sjónvarpsþættinum málverk af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara, þá rökstyðja stefnendur þá kröfu sína með því, að hér sé um skopmynd að ræða, hún sé ólík Árna heitnum Pálssyni og ekki í nokkru sambandi við efnið og því til þess fallin að varpa skugga á minningu hans.

Helstu varnarástæður af hálfu stefndu eru þessar:

Að framangreindur viðtalsþáttur Vilmundar Gylfasonar við Sverri Kristjánsson, sem var á dagskrá hljóðvarpsins 22. júlí 1973, sé þessu máli óviðkomandi.

Af hálfu Ríkisútvarpsins er því haldið fram, að Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri hafi hvorki sjálfur né í umboði útvarpsstjóra gefið neitt loforð um, að Sverrir Kristjánsson yrði ekki látinn fjalla um Árna Pálsson í Ríkisútvarpinu, svo sem haldið er fram af stefnendum. Útvarpsstjórinn, Andrés Björnsson, hafi heldur ekki gefið slíkt loforð. Og þó slík loforð hefðu verið gefin, þá væru þau ógild að stjórnarfarsrétti, þar sem hvorugur þessara manna sé bær um að gefa slík loforð. Það sé útvarpsráð eitt, sem bært sé um að taka endanlegar ákvarðanir um útvarpsefni, sbr. 6. gr. útvarpslaga nr. 19 frá 5. apríl 1971. Hin meintu loforð geti því ekki verið lögmætur grundvöllur lögbannsins.

Í sjónvarpsþættinum, sem sýna átti 2. nóvember 1973, séu engin ummæli um Árna heitinn Pálsson, er brjóti gegn 229. gr., 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga eða öðrum lagaboðum. Beri því að fella lögbannið niður og sýkna af kröfum stefnenda. Þegar stefnendur hafi komið í skrifstofu sjónvarpsins 2. nóvember 1973, hafi þeim og fógeta verið boðið, að þeim væri sýndur þátturinn, en því boði hafi verið hafnað. Þegar gerðinni hafi verið mótmælt f. h. Ríkisútvarpsins, hafi fógeti tekið fram, að „umrætt lögbann væri þegar lagt á“. Hinn 14. nóvember 1973 hafi tveir af stefnendum horft á sjónvarpsþátt þennan og þó að þá hafi komið í ljós, að í þættinum væri að finna meiðandi ummæli, sem hefðu getað réttlætt lögbann, ef á þau hefði sérstaklega verið bent við gerðina, verði að fella hana niður, þar sem það hafi þá ekki verið gert. Til að slíkt lögbann verði á lagt, þurfi að benda á sérstök ummæli eða annað sérstakt atriði varðandi það efni, sem lögbannið tekur til. Þetta hafi ekki verið gert og því beri að fella lögbannsgerðina niður án tillits til þess, hvort krafa stefnenda um það atriði, sem fram kemur í 1. kröfuflið þeirra hér að framan, verði tekin til greina.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að Sverrir Kristjánsson hafi í framangreindum sjónvarpsþætti einungis borið lof á Árna heitinn Pálsson að því leyti sem hans sé þar getið. Frásögn af stúdentafundi í Kaupmannahöfn fyrir 36 árum geti ekki fallið undir einkamálefni í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga. Atburðir þeir, sem frá er skýrt, hafi ekki farið leynt og gátu ekki farið leynt. Samkomur Hafnarstúdentanna hafi aldrei verið neinar bindindissamkomur, heldur fremur hið gagnstæða. Talað sé um í þættinum, að Skúli Þórðarson, sem sjálfur hafi komið þar fram, hafi verið orðinn valtur á fótunum, en ekki hafi séð á Árna heitnum Pálssyni. Hann hafi verið „eins og foldgnátt fjall“. Stefndi Sverrir ræði um það í sjónvarpsþættinum, að Skúli og Árni heitinn muni hafa komið við á knæpum framangreindan dag, en orðið „knæpurand“ sé orðalag stefnenda sjálfra. Dvöl Hafnarstúdentanna á knæpum og skemmtistöðum hafi hingað til ekki verið talið neitt leynimakk, sem óheimilt sé að skýra frá eða eitt út af fyrir sig feli í sér ærumeiðingu eða móðgun. Þá geti frásögn af slíku ekki talist ærumeiðandi aðdróttun.

Að endingu mótmæla stefndu því, að bönnuð sé sýning á málverki af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara í framangreindum sjónvarpsþætti. Hér sé ekki um skopmynd að ræða, heldur listaverk, sem fráleitt sé að banna

sýningu á. Þetta listaverk hafi auk þess verið birt opinberlega á margan hátt áður.

Niðurstaða dómsins.

Viðtalspáttur Vilmundar Gylfasonar við Sverri Kristjánsson í hljóðvarpinu hinn 22. júlí 1973 er þessu máli óviðkomandi, og hefur verið höfðað sérstakt mál út af honum, svo sem fyrr getur.

Í 26. gr. laga nr. 18 22. mars 1949 um kyrrsetningu og lögbann segir m. a. svo:

„Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, er raskar eða raska myndi með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðanda“. Samkvæmt þessari grein verður að telja heimilt að leggja lögbann við flutningi talaðs orðs í sjónvarpi, ef það raskar eða mundi raska með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðenda. Sé beiðst slíks lögbanns, þá verður að krefjast þess, að ummæli þau, sem lögbannið á að beinast gegn, séu skýrt og greinilega tiltekin í lögbannsbeiðninni, þannig að fógeti geti að einhverju leyti, áður en til lögbanns kemur, metið það, hvort það hafi líkurnar með sér, að slík beiðni hafi við rök að styðjast. Það liggur ljóst fyrir, að þannig var ekki að farið í þessu máli. Beiðnin var borin fram munnlega og án þess að tilgreind væru þau ummæli, sem krafist var lögbanns gegn. Fógeti horfði ekki á sjónvarpspáttinn, áður en hann lagði lögbannið á. Hann vissi því ekki, hvaða ummæli hann var að leggja lögbann við, er hann framkvæmdi gerð sína. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hefur lögbannið ekki beinst að ákveðnum ummælum, er fógeti teldi, að raska mundu með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðenda, heldur beindist lögbannið almennt gegn því, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld“. Svo viðtækt lögbann gegn hinu talaða orði fær ekki staðist. Það er brot gegn 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 17. júní 1944, er fjallar berum orðum um rétt manna til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti og einnig verndar hið talaða orð. Tálmanir gegn þessu frelsi er brot gegn téðri grein stjórnarskrárinnar. Framangreint lögbann er því stjórnarskrárbrot, og ber því þegar af þeirri ástæðu að fella það úr gildi í heild.

Kemur því næst til athugunar sú málsástæða stefnenda, að Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri og Andrés Björnsson útvarpsstjóri hafi gefið þeim loforð um, að Sverrir Kristjánsson mundi ekki látinn tala um Árna heitinn Pálsson prófessor í útvarpinu. Í

því efni er þar fyrst til að taka, að samkvæmt 116. gr. laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði verður að leggja þann framburð stefnandans Karenar Árnadóttur, að útvarpsstjóri hafi gefið téð loforð, til grundvallar dómi í máli þessu, þar sem hann hefur ekki komið fyrir rétt til skýrslugjafar þrátt fyrir áskorun þar um af hendi stefnenda. Hins vegar er eigi fært að byggja á því, að þetta loforð útvarpsstjóra hafi verið gefið með samþykki útvarpsráðs, svo sem lögmaður stefnenda krafðist við munnlegan flutning málsins, þar sem stefnandinn Karen Árnadóttir hefur aldrei haldið því fram í sínum framburði hér fyrir dómnum.

Hitt er annað mál, að nefnd loforð ofangreindra embættismanna hafa enga þýðingu fyrir úrslit þessa máls, hvorki samkvæmt stjórnarfararsrétti né stjórnskipunarrétti. Hjörtur Pálsson er dagskrárstjóri hljóðvarps og hefur ekkert yfir dagskrá sjónvarps að segja, og samkvæmt 6. gr. in fine útvarpslaga nr. 19/1971 er það útvarpsráð, en ekki útvarpsstjóri, sem tekur endanlegar ákvarðanir um útvarpsefni.

Dómarinn hefur kynnt sér gaumgæfilega hin umstefndu ummæli og horft á margnefndan sjónvarpsþátt. Telur hann, að ekkert, sem þar kemur fram, sé ærumeiðandi eða til þess fallið að varpa skugga á minningu þess látna.

Frásögn Sverris Kristjánssonar af stúdentafundinum í Kaupmannahöfn 1937 felur ekki í sér uppljóstran á „einkamálefnum annars manns“ í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hér er skýrt frá því, sem gerst hefur á opinberum stúdentafundi í Höfn, og því, að hinn látni og annar maður hafi þá áður sama dag vandrað á knæpur, sem einnig eru opinberir staðir. Það, sem gerist á slíkum stöðum, fellur ekki undir hugtakið „einkamálefni annars manns“ í skilningi 229. gr. almennra hegningarlaga. Frásögn af slíkum atburðum varðar því ekki við téða hegningarlagagrein. Ekki er heldur frásögn Sverris Kristjánssonar af þessum fundi á þann veg, að ærumeiðandi sé fyrir hinn látna. Þvert á móti er frásögnin lofsamleg, því að Sverrir segir m. a.: „það bar ekkert á Árna, hann var þarna eins og foldgnátt fjall“, og enn fremur, að hann hafi flutt stutta ræðu, sem hafi verið „hrein perla“.

Að því er varðar þá kröfu stefnenda, að bannað verði að sýna í sjónvarpsþættinum málverk af Árna heitnum Pálssyni prófessor eftir Örlyg Sigurðsson listmálara, þá ber að hafa í huga, að hér er um listaverk að ræða, sem áður hefur birst opinberlega, og

þar sem rétturinn telur birtingu þessa málverks í sjónvarpsþættinum ekki ærumeiðingu gegn hinum látna, þá ber að synja þessarar kröfu stefnenda.

Úrslit málsins verða því þau, að framangreint lögbann er úr gildi fellt, og ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Lögbann það, er lagt var á í fógatarétti Reykjavíkur 2. nóvember 1973 gegn því, „að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld“, er fellt úr gildi. Stefndu, Ríkisútvarpið og Sverrir Kristjánsson, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnenda, þeirra Dagmar Árnadóttur, Karenar Árnadóttur og Guðnýjar Árnadóttur, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Lögbannsgerð fógataréttar Reykjavíkur 2. nóvember 1973.

Ár 1973, föstudaginn 2. nóvember, setti Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta, fógatarétt Reykjavíkur að Skólavörðustíg 11 og hélt hann með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Lögbannsmálið C — 53/1973: Karen, Dagmar og Guðný Árnadóttur gegn Ríkisútvarpinu — sjónvarpi.

Gerðarbeiðendur skýra svo frá, að í kvöld verði sýndur í sjónvarpinu þáttur, þar sem Pétur Pétursson ræðir við Sverri Kristjánsson sagnfræðing. Gerðarbeiðendur hafa rökstuddan grun um, að í þessum þætti muni Sverrir ræða um föður þeirra, Árna Pálsson prófessor, ef að líkum lætur, miðað við útvarpserindi sama fyrirlesara hinn 22. júlí sl.

Gerðarbeiðendur vilja fá lagt lögbann við því, að í þessum þætti verði minnst á Árna Pálsson.

Fógeti sér því ekkert til fyrirstöðu, að lögbann það, sem hér um ræðir, nái fram að ganga gegn tryggingu.

Fógeti lagði nú lögbann við því, að minnst yrði á Árna heitinn Pálsson prófessor í viðtalsþætti Péturs Péturssonar og Sverris Kristjánssonar í sjónvarpinu í kvöld.

Fógeti ákvað, að gerðarbeiðendur settu fram tryggingu að fjár-

hæð kr. 30.000, sem gerðarbeiðandi Dagmar Árnadóttir greiddi.
Upplesið, staðfest.

Karen Árnadóttir. Dagmar Árnadóttir. Guðný Árnadóttir.

Rétturinn var ná fluttur að Laugavegi 176 í húsakynni sjónvarpsins, og var þar mættur framkvæmdastjóri þess, Pétur Guðfinnsson, og með honum lögfræðingur Ríkisútvarpsins, Þór Vilhjálmsson prófessor.

Lögfræðingurinn óskaði bókað, að hann mótmælti því, að gerð þessi fari fram. Í fyrsta lagi vegna þess, að hann telur, að Ríkisútvarpið þurfi almennt ekki að sæta slíku lögbanni. Í öðru lagi segir hann, að Pétur Pétursson telji, að engin ólögmæt ummæli séu í þættinum um Árna heitinn Pálsson.

Hann óskar að taka fram, að bæði í gær og dag hafi gerðarbeiðendum staðið til boða að hlýða á umræddan þátt.

Fógeti tók fram, að umrætt lögbann væri þegar lagt á.

Lögfræðingur Ríkisútvarpsins bendir á, að þáttur þessi væri á dagskrá klukkan 2035—2144 í kvöld og nú væri klukkan 1615 og því tæknilegir erfiðleikar og erfiðleikar samkvæmt höfundarétti að koma breytingum á þættinum fram.

Þriðjudaginn 10. júní 1975.

Nr. 15/1974. Guðbjartur Kristinsson vegna sín og
ófjárráða barna sinna: Guðbjargar,
Hafþórs, Kristins og Jóhönnu
gegn

Sigurbergi Baldurssyni
Friðbergi Þór Leóssyni og
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Óskað álitsgerðar Læknaráðs.

Urskurður Hæstaréttar.

Í máli þessu krefja áfrýjendur stefndu um skaðabætur vegna fráfalls Þóru G. Kristjánsdóttur, er beið bana í bif-